

1. júní 2019

Umsögn vegna nýrra frumvarps til nýrra umferðarlaga (mál nr. 219 á 149 löggjafarþingi)

Ég rita þetta bréf til að lýsa yfir **andstöðu** við þá breytingu sem gerð var á 79. grein frumvarps til nýrra umferðarlaga í meðförum umhverfis og samgöngunefndar varðandi hjálmaskyldu barna.

Í meðförum nefndar var hjálmaskyldan sem ná átti til barna 15 ára og yngri færð upp til 18 ára aldurs. Börnum 18 ára og eldri verður sem sagt bannað að hjóla, nema með hjálm verði frumvarpið að lögum með þeim breytingum sem nefndin leggur til.

Ég vísa í og **tek undir sjónarmið LHM** sem lögðust gegn banni við hjólreiðum án hjálms í umsögn sinni.

Til viðbótar vil ég bæta við að þau lönd þar sem best hefur tekist til við uppbyggingu hjólamenningar, til dæmis Danmörk og Holland, hafa ekki innleitt hjálmaskyldu í lög og raunar er hjálmanotkun þar ekki almenn. Engu að síður eru þau lönd með þeim öruggustu löndum í heimi til að hjóla.

Ég tel að sú áframhaldandi tilhneyging að banna hjólreiðar, eða aðra léttu samgöngumáta, án sérstaks hlífðarbúnaðar setji hugmyndir Reykjavíkurborgar og breyttar ferðavenjur í uppnám.

Ekki verður að sjá að nein þeirra umsagna sem bárust nefndinni milli umræðna kölluðu á umrædda breytingu. LHM lagðist gegn hjálmaskyldu. FÍB fagnaði hjálmaskyldu 15 ára. Ráðuneytið lagði fyrst og fremst áherslu á að rökstyðja þá leið sem upprunarlega var lögð til. Aðrar umsagnir vörðuðu ekki notkun hjálma.

Ég vil vekja sérstaka athygli á einum þætti málsins. Í umsögn ráðuneytisins segir m.a.: *“Rétt er að vekja athygli á því að þrátt fyrir að lagt sé til að skylda barna til að nota hlífðarhjalma við hjólreiðar verði færð úr reglugerð í umferðarlög verða einstaklingar sakhæfir 15 ára og því eiga börn ekki á hættu að sæta viðurlögum fyrir að hjóla án hlífðarhjalms, verði frumvarp til umferðarlaga samþykkt í þessari mynd.”*

Hvergi í nefndarálitinu er þetta atriði ávarpað. Niðurstaðan er því sú að sakhæfir 15-18 ára einstaklingar munu verða sekir um lögbrot. Það kann að hafa áhrif á hluti eins og tryggingarbætur. Dómafordæmi eru fyrir því að fólk fái ekki bætur, eða ekki fullar bætur fyrir að vera ekki með hjálm þar sem hans er krafist, ef slys verður (<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1322793/>, <https://www.visir.is/q/2008325219456>)

Ljóst er að með breytingunum verða áhrifin tryggingarbætur 15-18 ára hjólandi sambærileg, óháð því hvort þeir verða valdir af slysum ekki ekki. Hjálmleysi eitt mun þykja til merkis um vanrækslu og leiða til lægri eða engra tryggingarbóta.

Þar sem umræddar breytingar gerðu lítið boð og á undan sér gafst hagaðilum, eins og til dæmis sveitarfélögum ekkert færi á að veita umsögn um þær.

Ég skora á nefndina að beita sér fyrir því að liður 23. a í breytingartillögu nefndarinnar verði **felldur** í atkvæðagreiðslu í lok 2. umræðu eða að sá þáttur frumvarpsins verði endurskoðaður í meðförum nefndar milli 2. og 3. umræðu.

Virðingarfyllst / Pawel Bartoszek
Borgarfulltrúi